



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um úttekt á aðgengi að göngubverunum (US210196).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

Lagt er til gerð verði úttekt á aðgengi í tengslum við göngubveranir í borginni. Göngubveranir verði metnar út frá því hve vel þær henti öllum vegfarendum, t.d. hvort kantar hindri för, hvort hnappar á ljósastýrðum gangbrautum séu aðgengilegir öllum, hvort merkingar og ljós séu sýnileg og hvernig göngubveranirnar henti jafnt blindum sem heyrarskertum notendum. Tekið verði mið af leiðbeiningunum "Hönnun fyrir alla - algild hönnun utandyra." Í fyrstu atrennu verði litið til helstu gönguleiða út frá samþykktu hverfisskipulagi byrjað í Árbænum, þar sem hverfisskipulagið liggur fyrir. Lagt er til að verkefnið hefjist á árinu 2022.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 25. ágúst sl.

Umsögn:

Að mati skrifstofunnar er mikilvægt að tryggja gott aðgengi allra að göngubverunum og úttekt á aðgengi er nauðsynlegt skref í þeirri vegferð. Ætla má að nauðsynlegt sé að gera slíka úttekt fyrir öll hverfi borgarinnar og ekki víst að Árbærinn sé eðlilegri upphafspunktur en önnur hverfi.

Skrifstofan hefur síðastliðin tvö sumur fengið sumarstarfsmenn í sambærilegar úttektir vegna aðgengis á biðstöðvum strætisvagna, stæðum fyrir hreyfihamlaða og á vinnusvæðum. Verkefnið gæti því hentað vel sem sumarverkefni næsta sumars með kynningu á niðurstöðum haustið 2022.

Óháð því hvort verkefnið verður unnið af sumarstarfsmanni eða af aðkeyptum ráðgjöfum, er mikilvægt er að gert sé ráð fyrir kostnaði í samræmi við umfang verkefnisins í fjárhagsáætlun næsta árs.



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri